

Kennari : Hildur Ósk Indriðadóttir

Tímafjöldi: 4

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inn í bekk.

Bekkur: 1. bekkur

Heimilisfræði
Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilisstörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/ Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

Heimilisfræði			
Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið:	Leiðir:
Matur og lífshættir	- Komdu og skoðaðu eldhúsið - Ítarefni	<ul style="list-style-type: none">- Auki skilning sinn á tengslum hollustu og heilbrigðis- Læri um mikilvægi hreinlætis- Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða ávexti og grænmeti- Veit hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar	<ul style="list-style-type: none">- Einfaldar verklegar æfingar- Sýnikennsla- Lesið- Spurt og spjallað- Einstaklingsvinna- Hópavinna- Paravinna
Matur og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none">- Þjálfist í að fara eftir fyrirmælum- Þjálfist í samvinnu og læri að taka tillit til annarra- Þekki dl-mál, msk. og tsk- Geri sér grein fyrir því að hnífar og önnur eggjárn geta verið hættuleg	
Matur og umhverfi		<ul style="list-style-type: none">- Tileinki sér góðar umgengisreglur í eldhúsi	
Matur og menning		<ul style="list-style-type: none">- Tileinki sér helstu kurteisvenjur við borðhald	
Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.			

